

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarhúsa við Gilbakka á Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. mars 2009 deiliskipulag íbúðarhúsa við Gilbakka á Arnarstapa, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu einbýlishúsa við Gilbakka. Byggingarreitir eru 6 m frá lóðarmörkum. Lóðirnar eru allar yfir 1.100 fermetrar að stærð og lóðir nr. 12 og 14 eru yfir 2.200 fermetrar. Á lóð nr. 14 er nýlegt einbýlishús og gert er ráð fyrir að breyta lóðamörkum vegna aðkomuvegar sem liggur nú um norðurhluta lóðarinnar. Suðaustan lóðar er gert ráð fyrir leiksvæði barna.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 28. ágúst 2009.

Smári Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2009